



Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær
Axel Rodriguez Överby
Stjórnsýsluhúsínu Aðalstræti 9
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær
MÓTTEKID
27. okt. 2017
Málsnr. 2017-03-0092
Frunnit - skulst til skjalasafns

Reykjavík, 24. október 2017

Efni: Breyting á deiliskipulagi Íþróttasvæðis á Torfnesi, fjölnotahús, Ísafjarðarbær

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags, 2. október 2017, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis á Torfnesi til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsméðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemda fresti lauk 1. september 2017. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt óbreytt í bæjarstjórn 21. september 2017. Athugasemdum hefur verið svarað.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að hluti númerandi gervigrasvallar er feldur út og þar verður byggingarreitur fyrir fjölnothús.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 19. júlí 2017.

Í svari Ísafjarðarbæjar, dags. 12. sept. 2017, við athugasemd um að deiliskipulagið samræmist ekki aðalskipulagi er vísað í ákvæði gildandi aðalskipulags og þar kemur m.a. fram að svæðið sé skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota merkt Ú11 og þar sé svigrúm til uppbryggjingar. Niðurstaða Ísafjarðarbæjar er að allt bendi til þess að deiliskipulagsbreytingin sé í samræmi við aðalskipulag og að ekki ætti að vera þörf á að breyta því. Gögnum fylgir einnig samantekt Verkís á ákvæðum aðalskipulags um svæðið, dags. 23. ágúst 2017. Í niðurstöðu Verkís segir einnig að allt bendi til þess að breytt deiliskipulag sé í samræmi við aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, en að sveitarstjórn geti engu að síður samþykkt breytingu á aðalskipulaginu til að skerpa á stefnu sinni varðandi svæðið.

Fjallað er um íþróttasvæðið á Torfnesi í tveimur köflum í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Í kafla 10 um útvist, opin svæði og íþróttir segir: *Gert er ráð fyrir því að íþróttáðstöðu á Torfnesi verði haldið við og endurbætt eftir þörfum. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að reisa sundlaug, sjá kafla 9.1.5 um íþróttahús og sundlaugur.* Í töflu 10.2 um Ú11, íþróttasvæðið á Torfnes, kemur fram að þar sé svigrúm til uppbyggingar. Í kafla 9 um félags- og velferðarmál, kemur fram að gert sé ráð fyrir nýrri sundlaug á Torfnesi sem skuli nýtast bæði fyrir íþróttáðkun og afþreyingu og eigi hún að tengjast þeim íþróttamannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu, og að þar sé jafnframt gert ráð fyrir að risið geti sundlaugargardur. Þó er ákveðinn fyrirvári um þessu staðsetningu og nefnt að sundlaug í mynni Tungudals geti einnig verið heppileg staðsetning.

Eftir gildistöku aðalskipulagsins var deiliskipulaginu breytt og heimiloð bygging áhorfendastúku í brekkunni við grasvöllinn, sem að mati Skipulagsstofnunar var innan þess svigrúms sem aðalalskipulagið heimilar. Hinsvegar telur stofnunin ákvæði aðalskipulagsins ekki fela í sér að heimild til uppgöggjar af þeiri staðargráðu sem nú er til umfjöllunar, þ.e. á mjög stóru fjölnota íþróttahúsi, heldur að heimildir takmarkist við byggingu sundlaugar- og tengdra framkvæmda.

Skipulagsstofnun gerir því athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt
deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem deiliskipulagsbreytingin er ekki í
samræmi við ákvæði Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Unnsteinn Gíslason
Unnsteinn Gíslason